

Ár 2007, föstudaginn 22. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-138/2007:

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson ftr.)

gegn

X

(Grímur Sigurðarson hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 26. apríl sl. og dómtekið 13. júní sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 15. mars 2007, á hendur X, kt. 000000-0000, Hjaltabakka 22, Reykjavík,

„fyrir brot á lögum um fullnustu refsinga með því að hafa, föstudaginn 29. desember 2006 reynt að smygla inn í fangelsið að Litla-Hrauni, Eyrarbakka, 20 stk. af 10 mgr. ritalintöflum, 2 sprautum og 2 sprautunálum, sem ákærða hugðist koma til Z fanga í heimsóknarálmu fangelsisins, en ákærða sneri við eftir að fíkniefnahundur hafði “merkt” á hana í móttöku fangelsins.

Telst brot ákærðu varða við 81. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar.“

Ákærða mætti við þingfestingu málsins þann 26. apríl sl. og neitaði sök. Aðalmeðferð fór fram þann 13. júní sl. Krafðist ákærða sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa auk þess að krafist var málsvarnarlauna.

Málsatvik:

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglunnar, sem gerð var þann 30. desember, kemur fram að lögreglan hefði fengið tilkynningu um að frá fangelsinu á Litla-Hrauni væri að fara á hvítum Nissan Sunny kona að nafni X. Hefði hún verið mætt í móttöku fangelsisins til að heimsækja fanga. Fíkniefnahundur hefði merkt X eins og hugsanlegt væri að hún hefði fíkniefni meðferðis. Í framhaldi hefði X neitað

starfsmönnum fangelsisins um að leita á sér og yfirgefið fangelsið. Þá kemur fram að lögreglan hefði stöðvað ákærðu við TRS á Eyravegi á Selfossi og hún heimilað leit á sér og í bifreiðinni. Var bifreiðinni því ekið á lögreglustöðina og þar hefði ákærða framvísað veski sem hafi verið undir hægra framsæti. Veskið hefði innihaldið 20 stykki af rítalíntöflum ásamt 2 stykkjum af sprautum og 2 stykkjum af sprautunálum. Hafi þessir hlutir verið merktir í munaskrá og komið fyrir í læstum hirslum rannsóknardeildar.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af ákærðu þann 29. desember 2006 kvaðst ákærða hafa farið á Litla-Hraun til þess að hitta fangann Z og ætlað að fara með rítalínið, sprauturnar og nálarnar inn í fangelsið. Kvað ákærða fíkniefnahund hafa markað hana þegar hún kom inn í móttöku fangelsisins og hún því snúið við og hætt við að fara inn í fangelsið. Kvað hún Z ekki hafa vitað af þessu.

Ákærða kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og neitaði sök. Kvaðst hún hafa ætlað að heimsækja unnusta sinn í fangelsið á Litla-Hrauni umræddan dag en fíkniefnahundur merkt á hana eins og hún hefði fíkniefni á sér. Í framhaldi hefði hún samþykkt líkamsleit í fangelsinu en þegar hún hefði komið inn í klefann á Litla-Hrauni þar sem leitinn átti að fara fram hafi henni fallist hendur vegna aðstöðunnar þar og neitað frekari leit, enda hefði hún ekki haft nein ólögleg efni á sér. Í framhaldi hefði henni verið neitað um að fara í heimsókn og verið vísað frá fangelsinu. Hefði hún að svo búnu farið í burtu og ekið í átt að Selfossi. Ákærða neitaði því að hafa haft meðferðis þau lyf og áhöld sem greinir í ákæru og ekki hafa vitað um þau í bifreiðinni. Kvaðst hún hafa átt bifreiðina frá því haustinu áður og hefði meðal annars vinur hennar, Z, haft hana að láni um haustið. Kvað hún Z hafa losnað út úr fangelsi um haustið 2006 og þau hist þá. Þá hefðu fleiri félagar hennar haft bifreiðina til afnota. Kvaðst ákærða ekki hafa haft hugmynd um veskið sem fannst undir framsæti bifreiðarinnar við leitina á lögreglustöðinni á Selfossi. Ákærða kvað það rangt í lögregluskýrslu að hún hefði framvísað veskinu með lyfjunum í, lögreglan hefði fundið veskið við leitina. Ákærða kvað þó rétt eftir sér haft það sem kemur fram í lögregluskýrslunni. Því hefði hún svarað þar sem hún vissi að Z væri á rítalíni en hún hefði ekki vitað hverju hún hefði átt að svara þegar efnin fundust. Það hefði komið henni að óvörum og því talið skynsamlegast að segja lögreglunni að hún hefði ætlað að koma þeim efnum, sem hún vissi að voru læknalyf, til Z. Lögreglan hefði fundið veskið undir framsæti bifreiðarinnar við leitina en hún hefði aftur á móti afhent lögreglunni veskið sitt sem hún geymi sínar persónulegu muni í. Í því veski hefði verið leitað en ekkert fundist. Veskið sem lögreglan hefði fundið hefði verið svart og eins og sígarettuveski í laginu eða í líkingu við klinkbuddu. Ákærða kvaðst aldrei hafa séð það veski eða buddu áður, eða ekki fyrr en lögreglan sýndi henni það þegar lögreglan fann það við leitina. Þá kvaðst ákærða ekki hafa haft þetta veski með sér inn í fangelsið í umrætt sinn.

Rúnar Eiríksson, kt. 000000-0000, varðstjóri á Litla-Hrauni, gaf skýrslu fyrir dóminum. Kvaðst hann muna eftir máli þessu en í umrætt sinn hefði ákærða komið inn í móttöku fangelsisins og ætlað í heimsókn til Z. Í það skipti hefði fíkniefnahundur verið á staðnum og hefði hann „markerað sterkt“ á ákærðu þannig að líkur voru á því að hún hefði fíkniefni meðferðis. Var ákærða þá spurð hvort hún samþykkti leit á sér, sem hún hefði gert. Því hefði verið farið með ákærðu í sérstakan klefa þar sem grunaðir væru færðir úr fötum og leitað á þeim. Rúnar kvaðst ekki hafa verið við leitina sjálfur en hann vissi bara að ákærða hefði dregið samþykki sitt fyrir leitinni til baka og yfirgefið fangelsið í framhaldi. Aðspurður

mundi Rúnar ekki hvort ákærða hefði haft veski með sér þegar hún kom inn í fangelsið.

Aðalheiður Harðardóttir, kt. 000000-0000, fangavörður gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hún muna eftir umræddu tilviki, en hún hefði verið kölluð til þar sem leita átti á kvenmanni án snertingar. Hún ásamt Eygló Dögg Hreiðarsdóttur hefðu verið á vakt og farið með ákærðu inn í klefa þar sem leit átti að fara fram. Aðstæður væru þannig að ekkert væri í klefanum nema ein dýna þar sem föt þeirra sem leitað væri á væru lögð á. Þegar ákærða hins vegar kom í klefann hefði hún dregið samþykki sitt fyrir leitinni til baka og í framhaldi yfirgefið fangelsið. Aðalheiður mundi ekki hvort ákærða var með veski með sér eða ekki í umrætt sinn.

Eygló Dögg Hreiðarsdóttir, kt. 000000-0000, fangavörður kom fyrir dóminn og kvaðst muna eftir umræddu tilviki. Hún hefði verið kölluð til þar sem kvenfangaverðir þyrftu að leita á gesti sem fíkniefnahundur hefði merkt á. Hefði hún farið með ákærðu í klefa þar sem líkamsleit færi yfirleitt fram og hefði þar eingöngu verið dýna á gólfi þar sem hægt væri að leggja föt frá sér. Ákærða hefði, þegar þangað var komið, dregið samþykki sitt um líkamsleit til baka og hefði því í framhaldi yfirgefið fangelsið.

Rannveig B. Sverrisdóttir, kt. 000000-0000, lögregluvarðstjóri kom fyrir dóminn og kvaðst hafa fengið tilkynningu um hvítan Nissan sem væri á leið frá Litla-Hrauni en ökumaður hefði komið í fangelsið á Litla-Hrauni og neitað líkamsleit í framhaldi af því að fíkniefnahundur hefði markerað á henni. Rannveig kvaðst hafa spurt ákærðu hvort hún heimilaði leit í bifreiðinni og hefði hún samþykkt það. Rannveig kvaðst hafa ekið bifreiðinni á lögreglustöðina á Selfossi og ákærða hefði undirritað heimildina þar. Þá hefði ákærða tekið kvenmannsveski undan framsæti bifreiðarinnar, farþegamegin, og sagt veskið vera það sem hún hefði ætlað að fara með inn í fangelsið á Litla-Hrauni. Kvað hún ákærðu hafa verið samvinnufúsa og kurteisa. Í framhaldi hefði leit farið fram á ákærðu en ekkert ólöglegt fundist við þá leit. Þá hefði ákærða gefið þvagsýni en við rannsókn á því hefði ekkert fundist.

Guðjón Smári Guðjónsson, kt. 000000-0000, lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa fengið tilkynningu um konu sem væri að fara frá Litla-Hrauni en þar átti fíkniefnahundur að hafa fundið lykt af henni. Ákærða hefði verið stöðvuð við TRS á Selfossi og í framhaldi hefði ákærða verið færð á lögreglustöðina á Selfossi. Ákærða hefði strax á lögreglustöðinni framvísað veski sem innihélt þau efni sem ákært er fyrir og sagst hafa ætlað að fara með þetta inn í fangelsið. Ekkert fannst síðan við leit í bifreiðinni. Í framhaldi hefði skýrsla verið tekin af ákærðu en hún hefði verið samstarfsfús og kurteis.

Niðurstöður:

Í máli þessu er ákærða ákærð fyrir að reyna að smygla inn í fangelsið að Litla-Hrauni ritalíntöflum, sprautum og sprautunálum. Samkvæmt lögregluskýrslu sem ákærða gaf þann sama dag, eða 29. desember sl., kvaðst hún hafa ætlað að koma töflunum til Z, unnusta síns, sem væri fangi á Litla-Hrauni. Ákærða hefur neitað alfarið fyrir dómi að hafa vitað um veski það sem ákærða átti að hafa framvísað áður en leit fór fram í bifreið hennar umrætt sinn. Ákærða hefur einnig neitað því að hafa ætlað að smygla umræddum töflum og sprautum inn í fangelsið. Ákærða gaf þá skýringu fyrir breyttum framburði fyrir dómi, að henni hefði ekki

dottið annað í hug en að eigna Z efnin við yfirheyrslur hjá lögreglunni, þar sem hún vissi að Z væri á rítalíni samkvæmt læknisráði og henni hefði helst dottið í hug að hann hefði átt budduna og það sem í henni var.

Rúnar Eiríksson, varðstjóri á Litla-Hrauni, sem var viðstaddur þegar fíkniefnahundur merkti á ákærðu mundi ekki aðspurður hvort ákærða var með umrædda buddu eða veski á sér þegar hún kom inn í fangelsið umræddan dag. Aðalheiður Harðardóttir fangavörur, sem ætlaði að framkvæma leit á ákærðu í fangelsinu, mundi heldur ekki hvort ákærða hefði haft meðferðis buddu eða veski inn í fangelsið í umrætt sinn. Eygló Dögg Hreiðarsdóttir fangavörður var ekki innt eftir því fyrir dómi hvort ákærða hefði haft með sér veski eða buddu inn í fangelsið í umrætt sinn. Ákærða hefur neitað því fyrir dómi að hafa ætlað að smygla umræddum hlutum inn í fangelsið. Ákærða hefur einnig neitað því fyrir dómi að hafa vitað um umrædd efni í bifreið sinni og neitar að hafa framvísað þeim hjá lögreglunni á Selfossi áður en leit hófst í bifreið hennar. Lögreglan hefði hins vegar fundið umrætt veski við leit í bifreiðinni. Ákærða kvað fyrir dómi að sér hefði ekki dottið annað í hug en að segjast hafa ætlað að koma þessum efnunum til Z við yfirheyrslu hjá lögreglu þar sem hún vissi að hann tók inn rítalín og hefði áður fyrir sprautað sig með því.

Ákærða er ekki ákærð fyrir vörslur á rítalíni eða sprautum, enda ekki refsivert að hafa slíkt undir höndum eitt og sér. Skiptir því engu í máli þessu hvort ákærða framvísaði lyfjunum hjá lögreglu eða hvort lögreglan fann þau við leit í bifreiðinni en tveir lögreglumenn hafa staðfest fyrir dómi að ákærða hafi framvísað veskinu með lyfjunum í. Þá stendur eftir að ákærða hafi viðurkennt fyrir lögreglu að hafa ætlað að smygla efnunum inn í fangelsið en þann framburð hefur ákærða dregið til baka fyrir dóminum og gefið sínar skýringar á því. Eins og máli þessu er háttað þá verður ákærða ekki sakfelld á framburði fyrir lögreglu eingöngu þar sem engin önnur gögn né framburður vitna styðja þá háttsemi sem ákærðu er gefið að sök í ákæru. Þá hafa fangaverðir á Litla-Hrauni ekki getað staðfest að ákærða hafi haft lyfin, sprauturnar og nálarnar með sér inn í fangelsið og lögreglumennirnir sem leituðu í bifreið ákærðu geta ekki vitnað um háttsemi ákærðu í fangelsinu. Þá tekur dómari ekki undir þá fullyrðingu ákæruvaldsins að fíkniefnahundar merki lyfið rítalín sem fíkniefni þar sem það innihaldi amfetamín enda hefur ekki verið sýnt fram á það. Myndi það æra óstöðugan ef svo væri.

Gegn eindreginni neitun ákærðu fyrir dómi, að hafa ætlað að smygla rítalíni, sprautum og nálum inn í fangelsið á Litla-Hrauni, því að hvorki varðstjóri eða fangaverðir gátu staðfest að ákærða hefði verið með umrætt veski með sér í fangelsinu og því að þrátt fyrir að ákærða hafi hjá lögreglu sagst hafa ætlað að koma efninu inn í fangelsið, þá hefur ákæruvaldinu ekki tekist að sanna, svo hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa, þá háttsemi sem ákærðu er gefið að sök í ákæru. Ber því að sýkna ákærðu af kröfu ákæruvaldsins.

Að ofangreindri niðurstöðu fenginni skal allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Gríms Sigurðarsonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákvörðuð 194.220. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gunnar Örn Jónsson fulltrúi sótti mál þetta fyrir hönd ákæruvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærða, X, er sýkn af kröfu ákærvaldsins.

Sakarkostnaður, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Gríms Sigurðarsonar héraðsdómslögmanns, 194.220 krónur, skal greiddur úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir.